

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/581
komudagur 9.12.2002

Reykjavík 7. desember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um húsnæðismál, 370. mál, niðurfelling skulda.

Bandalag íslenskra sérskólanema (BÍSN) barst bréf yðar dagsett þann 3. desember 2002 til umsagnar og viljum við koma á framfæri okkar afstöðu vegna frumvarpsins.

BÍSN hefur verið í miklu og góðu samstarfi við INSÍ frá stofnun BÍSN. Nú eru þessar tvær námsmannahreyfingar ekki alveg að sama toga. Annars vegar er INSÍ mikið að þjónusta framhaldsskólanema sem hefja margir hverjir sitt nám 16 ára gamlir en við aftur á móti að þjónusta námsmenn sem komnir eru á háskólastig. Nákvæmlega þessvegna ætti Alþingi að koma á móts við FIN þar sem engar heimavistir eru við iðn – og verknámsskóla í Reykjavík og það er hópurinn sem FIN er að þjónusta. Iðnnám hefur mikið til verið fært til Reykjavíkur og því má segja að nemendur hafi orði fyrir mismun þar sem heimavistir eru byggðar við framhaldsskóla sem eru úti á landi.

Við teljum það vera nauðsynlegt að komið verði á móts við FIN og frumvarpið nái fram að ganga til að rekstur félagsins verði tryggður.

Virðingarfyllt



Fjóla Margrét Hrafnkelsdóttir

Framkvæmdastjóri Bandalag íslenskra sérskólanema